

## 8. Meðferð mála

Fiskistofa annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og eftirlit með fiskveiðum, svo sem nánar er kveðið á um í lögum. Veði eftirlitsmenn stofnunarinnar sinna eftirlitsstörfum á vettvangi, en hluti af eftirlitinu fer fram með rafrænum hætti. Þegar grunur vaknar um að brot hafi verið framið gegn fiskveiðistjórnunarlöggjöfinni er málinu jafnan skotið til lögfræðisviðs Fiskistofu til framhaldsmeðferðar, verði málinu ekki lokið með einfaldari hætti.

### Brotamál

Á árinu 2018 vaknaði grunur um brot gegn lögum og reglum á sviði fiskveiðistjórnunar í rúmlega 1.800 tilvikum. Þar af voru 399 mál vegna vanskila á afladagbókum. Yfir 1.160 mál voru til afgreiðslu vegna veiða umfram eða án aflaheimildar, en þau teljast, strangt til tekið, ekki öll til beinna brotamála. Í töflu 8.1 má sjá sundurgreiningu á tegundum brotamála.

#### 8.1 Yfirlit yfir brotamál

Flokkun brotamála	
Veiðar án veiðileyfis	25
Brotkast	12
Brot á reglum um vigtun afla	22
-Þar af brot af hálfu vigtunarleyfishafa	19
Framhjálöndun	6
Afladagbókarbrot	58
-Þar að auki mál vegna vanskila á afladagbókum	399
Veiðar án aflaheimilda	5
-Þar að auki mál vegna umframaflla	1.162
Brot á lögum um lax og silungsveiði	3
Undirmál rangt flokkað	14
Röng tilgreining tegunda	0
Brot við grásleppuveiðar (hafa ber í huga að þessi mál geta á sama tíma fallið undir aðra flokka í upptalningu þessari, t.d. veiðar án leyfis, afladagbókarbrot ofl.)	39
Brot við strandveiðar (hafa ber í huga að þessi mál geta á sama tíma fallið undir aðra flokka í upptalningu þessarar, t.d. veiðar án leyfis, afladagbókarbrot ofl.)	4
Önnur brotatilvik (t.d. brot gegn reglum um merkingar veiðarfæra, aflaskráningu, vinnslu, tilkynningar, tegundagreiningar síldar og nýtingaprufur)	51

Við skoðun á yfirliti yfir brotamál og meðferð mála skal hafa í huga að sum mál eru þess eðlis að í einu og sama málinu getur komið inn á fleiri en einn brotaflokk og í sumum tilfellum eru mál sameinuð. Slíkt getur skekkt tölfræðina.

### Meðferð mála

Á árinu 2018 var 239 máli vísað til lögfræðisviðs og frekari meðferðar, þar sem grunur lék á að brot hefði verið framið gegn fiskveiðistjórnarlöggjöfinni. Málsmeðferð lauk í 185 þeirra á árinu, auk 46 annarra mála sem ólokið var frá fyrra ári. Við árslok 2018 voru 53 mál enn til meðferðar hjá lögfræðisviði. Meðferð brotamála getur lokið með ýmsum hætti. Málsmeðferð kann að vera hætt þannig að ekkert verði aðhafst þegar ekki er talið tilefni til beitinga viðurlaga og er þá mál fellt niður. Í einhverjum tilfellum lýkur veiðieftirlitssvið máli um með leiðbeiningu til útgerðar. Eftir að máli hefur verið vísað til lögfræðisviðs getur þeim lokið með beitingu stjórnsýsluviðurlaga, sem eftir atvikum geta falið í sér áminningu, veiðileyfissviptingu eða afturköllun vigtarleyfis. Lítil hluti brotamála er kærður til lögreglu.

Í töflu 8.2 er að finna yfirlit yfir tegundir brotamála sem til meðferðar voru ásamt upplýsingum um málalok.

#### 8.2 Meðferð mála

Brotamál	
Mál kærð til lögreglu	4
Áminningar	92
-Vegna brota gegn reglum um veiðar	49
-Vegna brota gegn reglum um vigt og skráningu	14
-Vegna brota á reglum um afladagbók	27
-Annað	2
Veiðileyfissviptingar á grundvelli brotamáls	25
-Vegna brota gegn reglum um veiðar	14
-Vegna brota gegn reglum um vigtun og skráningu	8
-Vegna brota á reglum um afladagbók	3
-Annað	0
Afturköllun vigtunarleyfis	6
Ekki tilefni til beitingar viðurlaga	59
Mál sent öðru stjórnvaldi	5
Málsmeðferð enn í gangi	53
Leiðrétting í GAFL (Hafa ber í huga að mál geta endað með leiðréttingu í GAFL ásamt viðurlögum. )	19
Leiðbeiningarbréf frá Veiðieftirlitssviði	7
Innheimtumál	
Ítrekunarbréf vegna ógreiddra veiðigjalda á árinu 2018	234
-Veiðileyfissviptingar	78
Álagning gjalds vegna ólögðs sjávaraflla	1.150
-Veiðileyfissviptingar	77